

Í TRÖLLAHÖNDUM Í NOREGI



17. – 25. júní 2023
Fararstjórn: Gísli Einarsson

Sumar 11
Noregur

Ferðalýsing

Í stórbrotinni söguferð um vogskornar strendur Noregs heimsækjum við marga af markverðustu stöðum landsins og fáum atburði úr sögu Noregs, og jafnvel Íslands, beint í æð. Eftir flug til **Bergen** munum við skoða okkur um í bænum, virða fyrir okkur **Hansabyggingarnar í Bryggen** og eiga einnig frjálsan dag til að njóta í Bergen. Á leið okkar frá Bergen til **Sognefjord** förum við í stórkostlega lestarferð frá Voss, yfir **Myrdal** og áfram til **Flåm**. Á leiðinni gefst tækifæri til að upplifa mikilfenglegt landslag Noregs; fjöll með snævipöktum tindum, fallega fossa og sveitabæi sem byggðir eru utan í snarbröttum fjallshlíðunum. Við höldum ferðinni áfram eftir þröngum fjörðum, yfir há fjöll og inn skjólsæla dali. Við skoðum stærsta víkingaskip sem fundist hefur í Noregi og heimsækjum hinn einstaka stað Loen. Farið verður í dásamlega siglingu um **Geirangursfjörð**, þar sem gestir njóta einstaks útsýnis til stórbrotinna fjallanna og sjá þar dásamlega fossa steypast fram af fjallsbrúninni. Við öikum eftir hinum hrikalega **Tröllastíg** og til Ringebu þar sem ein af hinum merku **stafkirkjum** landsins verður skoðuð og höldum þaðan til **Lillehammer** sem hýsti vetrarólympíuleikana árið 1994. Ferðin endar í höfuðborginni **Oslo** áður en haldið er heim á leið.

9 dagar | 8 nætur

2 nætur Bergen | 1 nótt Leikanger | 1 nótt Nordfjordeid | 1 nótt Geiranger
| 1 nótt Lillehammer | 2 nætur Oslo



17. júní | Flug til Bergen

Brottför frá Keflavík kl. 10:30. Mæting í Leifstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Bergen kl. 14:50 að staðartíma. Við gistum í tvær nætur í Bergen og borðum í kvöld sameiginlegan kvöldverð á hótelinu.

18. júní | Bergen – frjáls dagur

Eftir morgunverð röltum við af stað með fararstjóranum í gönguferð um miðbæ Bergen en meðal þess sem þar er að sjá eru Hansabyggingarnar í Bryggen. Endum skoðunarferðina á því að fara með Fløibanen járnbrautarlestinni upp á fjallið Floyen þar sem sést vel yfir borgina. Að þessu loknu er frjáls dagur þar sem upplagt er að skoða sig betur um í borginni og njóta þess sem hún hefur upp á að bjóða. Það er t.d. tilvalið að heimsækja líflegan fiskmarkaðinn. Kvöldverður á eigin vegum.



19. júní | Bergen – Myrdal – Sognefjord – Leikanger

Næsta morgun yfirgefum við Bergen og ökum til Voss þar sem farið verður í stórfenglega lestarferð frá Voss í gegnum Myrdal og áfram til Flåm. Á þessari leið upplifum við eitt mikilfenglegasta landslag sem Noregur hefur upp á að bjóða, há fjöll með snævipöktum tindum, fallega fossa og sveitabæi sem hafa verið byggðir utan í fjallshlíðunum. Flåm járnbrautin er eitt af meistaraverkum norskrar verkfræði en lagning hennar í erfiðu landslaginu hófst árið 1920 og lauk 20 árum seinna. Frá Flåm verður ekið til Fodnes þar sem við tökum ferju yfir til Manheller. Við höldum för okkar áfram með fram undurfögrum Sognefjord þar til við komum að náttstað okkar í Leikanger þar sem við gistum eina nótt. Kvöldverður á hótelinu.



20. júní | Leikanger – Nordfjordeid




Við byrjum daginn á að aka upp með firðinum og höldum svo áfram upp Gaula fjallið og upp á hásléttuna. Þetta er einstaklega spennandi og fjölbreytt leið eftir þröngum fjörðum, yfir há fjöll og inn í skjólsama dali. Við förum með fram Jølster vatninu sem er þekkt fyrir sinn ljúffenga silung. Við tökum svo ferju frá Anda yfir til Lote og ökum þaðan yfir í Nordfjordeid þar sem við gistum eina nótt. Í Nordfjordeid verður farið í stutta

gönguferð þar sem við skoðum meðal annars Myklebusthauginn en þar voru á 19. öld grafnar upp leifar af stærsta langskipi sem fundist hefur í Noregi. Við göngum einnig gegnum miðbæinn og að höfninni þar sem hægt er að skoða Sagasted víkingasafnið. Þar er endurgerð af Myklebustskipinu og hægt að fræðast um hina miklu skipasmíðahefð sem enn er við haldið á svæðinu en hér hafa langskip verið smíðuð í meira en 1000 ár. Kvöldverður á hótelinu.

21. júní | Nordfjordeid – Geirangursfjörður

Frá Nordfjordeid ökum við með fram dýpsta stöðuvatni Evrópu; Hornindalsvatnet, í gegnum bæinn Stryn og þaðan til Loen sem er einstakt svæði. Loenvatnið er djúpt, grænt stöðuvatn, umkringt hrikalegum fjöllum og að koma þangað er eins og að ganga inn í póstkort. Við Loen er ein brattasta kláfferja í heimi en þar er hægt að fara upp í 1100 metra hæð og njóta útsýnis sem er einstakt. Ökum til baka til Stryn þar sem við fáum okkur hádegisverð áður en haldið verður til Hellesylt en þaðan förum við í yndislega ferjuferð til Geiranger. Á þessari rúmlega klukkutíma löngu siglingu er hægt að njóta einstaks útsýnisins til stórbrotinna fjallanna og dásamlegra fossa sem falla fram af fjallsbrúnunum. Kvöldverður og gisting eina nótt á hóteli í Geirangri.



22. júní | Geirangursfjörður – Lillehammer

Í dag verður ekinn Örnevegen til Eidsdal og tökum þar ferju til Linge. Síðan er komið að því að aka eftir hinum hrikalega Tröllastíg sem er í 1000 metra hæð og er hæsti klettaveggur Evrópu. Þaðan verður ekið til Lillehammer með viðkomu í Ringebu þar sem skoðuð verður stafkirkja frá 12. öld. Lillehammer er gamaldags norskur bær sem hýsti vetrarólympíuleikana 1994. Gist í eina nótt í Lillehammer og kvöldverður á hótelinu.



23. júní | Lillehammer – Osló

Ekið verður sem leið liggur til Oslóar. Farið gegnum Hamar og með fram Mjösa, stærsta vatni Noregs. Á leiðinni verður stoppað við Ólympískautahöllina í Hamri sem er stórglæsilegt mannvirki. Þaðan verður farið upp til Holmenkollen, sem er þekkt fyrir skíðastökkpallinn og flott útsýni yfir Osló og Oslófjörðinn. Gist í tvær nætur í Osló. Sameiginlegur kvöldverður á hótelinu.

24. júní | Osló



Við munum verja deginum í dag í Osló, höfuðborg Noregs. Meðal annars verður farið í Vigelandsgarðinn sem er höggmyndagarður sem samanstendur af yfir 200 skúlptúrum úr granít, bronsi og bárujárni gerðum af Gustav Vigeland. Vigelandsgarðurinn er í Frogner almenningsgarðinum og við njótum þess einnig að röltu um hann. Einnig gefst frjálst tími í borginni. Hægt er að mæla með gönguferð á Karl Johan, sem er helsta

verslunar- og lystigata Oslóborgar, eða gönguferð niður á Aker bryggju. Kvöldverður á eigin vegum.

25. júní | Osló – heimferð

Í dag verður haldið í skoðunarferð um höfuðborg Noregs þar sem m.a. má sjá höllina og Akershus virkið. Skoðunarferðinni lýkur við hið glæsilega óperuhús Oslóar. Einnig mun gefast tími til að skoða sig um á eigin vegum, setjast á notalegt kaffi- eða veitingahús eða kíkja á verslanir. Upplagt er að fá sér kvöldverð áður en haldið verður út á flugvöll og flogið heim kl. 22:30, með lendingu í Keflavík kl. 23:20.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



Verð

304.500 kr. á mann í tvíbýli | 78.200 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Allir morgunverðir á hótélum.
- ✓ Sex kvöldverðir á hótélum.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Lestarferð með Flám lestinni.
- ✓ Ferja frá Hellesylt til Geiranger.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Tveir kvöldverðir.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.

Valfrjálst

- ✓ Ringebu stafkirkjan ca NOK 80.
- ✓ Holmenkollen ca NOK 160.

